

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kjósarhreppi.

Langimelur 19, frístundabyggð við Hvamm og Hvammsvík. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 staðfesti sveitarstjórn Kjósarhrepps á fundi sínum 6. september 2022 samþykkt skipulags- og byggingarnefndar Kjósarhrepps frá 30. ágúst 2022 um breytingu á deiliskipulagi vegna Langamels 19.

Breytingin felur í sér að 900 m² byggingarreitur er færður innar í lóð. Tilfærslan er um 4 m til austurs og 10 m til suðurs. Fjarlægðir frá lóðamörkum verða um 15 m og 20 m. Fjarlægðir uppfylla þá enn ákvæði 5.3.2. í 12. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 um frístundabyggð. Breytingin hefur ekki áhrif á markmið skipulags, fornminjar, verndarsvæði, votlendi, veitukerfi eða aðra umhverfisþætti og umhverfisáhrif sem fjallað er um í gildandi skipulagi. Annað í skipulagi og skipulags- og byggingarskilmálum er óbreytt. Sótt er um færslu á byggingarreit fyrir lóðina Langamel 19, L2322920.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Kjósarhreppi, 13. júlí 2023.

Pálmar Halldórsson skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 27. júlí 2023